



Fiðlutónleikar

til heiðurs fiðlu- og tónmenningu Suður-Þíngeyinga

Hlíf Sigurjónsdóttir

7. október 2012 kl. 15:30 í Skútustaðakirkju


4. nóvember 2012 kl. 15:30 í Þorgeirskirkju

3. febrúar 2013 í Húsavíkurkirkju

3. mars 2013 í Reykjahlíðarkirkju

7. apríl 2013 í Einarssstaðakirkju

5. maí 2013 í Skútustaðakirkju



Fiðlueign „sem ég hef fundið eða fengið um öruggar heimildir að verið hafi til á bæjum í Suður-Pingeyjarsýslu“: Garðar Jakobsson. Unnið upp úr bók hans og Páls H. Jónssonar: Fiðlur og tónmannlíf í Suður-Pingeyjarsýslu. útg. 1990

Hverra manna er hann? Hverra manna er hún?

Hver kannast ekki við þessar spurningar? Ég heyrði þær oft á Smiðju-götu 5 á Ísafirði, á heimili Sigríðar Jónsdóttur frá Gautlöndum og Ragnars H. Ragnar frá Ljótstöðum, er ég bjó á Ísafirði á níunda ára-tug liðinnar aldar.

Að rekja ættir, að halda við þekkingu, að heiðra minningu, geyma frásagnir af mönnum og málefnum, snerta ástríðuna fyrir betra mannlífi og hinum fögru tónum fiðlunnar. Þetta er þema tónleika-raðar minnar hér í Þingeyjarsýslu veturinn 2012 – 13.

Tónlistaráhugi og sérstaklega saga fiðluleikaranna í Suður-Þingeyjar-sýslu er mér mjög hugleikin og finn ég til sterkrar samkenndar með þessari ást á fögrum hljómi fiðlunnar. Kennari minn og lærifaðir, Björn Ólafsson konsertmeistari, skynjaði þetta mjög sterkt og vildi helst hvergi annars staðar vera en hér í þessum sveitum.

Sigga og Ragnar á Ísafirði voru einnig tendruð af þessu báli tónelsku - sem þau svo miðluðu til nýrra heimaslóða sinna sem alþekkt er.

Forlögin höguðu því svo til að ég tengdist Mývatnssveit sterkum persónulegum böndum, því eiginmaður minn er frá Helluvaði og Gautlöndum. Þá varð ég svo lánsöm að kynnast fólki sem mundi þessa tíð.

Ásmundur á Stöng hefur lýst fyrir mér tónleikum sem Hermann Benediktsson hélt í baðstofunni á Stöng í æsku hans. Þá lék hann plötur á grammafón sinn og hafði formála fyrir hverju verki. Í plötu-safni hans voru upptökur með heimsins bestu tónlistarmönnum þess tíma, m.a. Jascha Heifetz og Fritz Kreisler.

Garðar Jakobsson safnaði saman miklum fróðleik um fiðlueign í sýslunni og eftir hann og Pál H. Jónsson liggur bókin *Fiðlur og tónmannlíf í Suður-Pingeyjarsýslu* sem er gulls ígildi og hef ég notið þess að lesa hana og hef mestan minn fróðleik úr henni.

Þeir rekja sögu fiðluleiks í sýslunni til Jóns Jónssonar sem kenndur var við Voga í Mývatnssveit. Hann mun hafa komið með fyrsta 'fíólín-ið' í sýsluna, er hann kom frá smíðanámi í Kaupmannahöfn árið 1851, en á þeim árum voru Pingeyingar að rísa til framfara í mennta-, menningar- og verslunarmálum. Fiðlan eins og við þekkjum hana í dag var þá kölluð fíólín til aðgreiningar frá gömlu 'íslensku fiðlunni' sem mun ekki hafa verið ósvipuð langspilinu.

Í stórmerkri ævisögu sinni, ritaðri á ensku, kveðst Voga-Jón hafa numið fiðluleik í Danmörku af gömlum manni sem leyfði honum að koma í tvær klukkustundir á hverjum sunnudegi til að læra að spila.

Ekki er talið að Voga-Jón hafi beinlínis kennt á fiðluna, öðrum en Arngrími málara, sem einnig lék á flautu - og munu þeir hafa spilað mikið saman. Jón varð ekki langlífur, hann lést á Laxamáryri 1866 en listin barst frá honum til annarra, meðal annars sona hans þriggja, og fiðlur tóku að birtast víða um sýsluna svo undrun sætti. Ekki er vitað með vissu hvernig fyrstu fiðlurnar - eftir fiðlu Voga-Jóns - bárust til landsins, sennilega í gegnum kaupmenn á Húsavík og Akureyri, en er frá leið er víst að stórtækastur við að útvega fiðlur og nótur var Benedikt á Auðnum.

Benedikt var fæddur 1846 og var flest til lista lagt. Hann lék sjálfur á flautu, en skildi lögmál fiðlunnar eins og sjá má í bréfi hans til séra Bjarna Þorsteinssonar: „Jeg las eðlisfræði Fischers og útlendarar bækur um hljóðfræði- og fékk rjettan skilning á strengnum og sveiflum hans. Fundum við Sigtryggur á Hallbjarnarstöðum út óbrigðula reglu fyrir rétttri nótusetningu langspils, og mældum út einskonar stiku til að nótusetja eftir.“ Hann kveðst sjálfur hafa smíðað nokkur langspil.

Þá segir Benedikt í bréfi til séra Bjarna „... varð jeg einna fyrstur til að útvega þau hljóðfæri og um leið útlendar nótnabækur og söngkennslubækur og varð þá hreint og beint kapp á milli unglinganna að leika á fiðlu og flautu, svo dalurinn hér kvað við af flautuspili smanna sem kváðust á.“

Pótt Benedikts sé helst minnst í tengslum við stofnun Kaupfélags Þingeyinga var þáttur hans í tónmenningu sýslunnar ekki síðri. Hann var ötulastur manna hér að skrá og safna þjóðlögum og sendi séra Bjarna Þorsteinssyni. Hann hvatti einnig og örvaði sveitunga sína til að fræðast og bæta mannlífið með hljóðfæraleik og söng.

Og enn lifir í glæðunum. Nú hefur afkomandi hans, Rúna Ingimundar samið tónverkið *Að heiman* sem byggir á nokkrum þjóðlögum sem Benedikt safnaði og verður það frumflutt á einum tónleikunum.

Kjarni þessarar tónleikaraðar eru hin þekktu einleiksverk fyrir fiðlu, þrjár partítur og þrjár sönötur, sem Johann Sebastian Bach samdi árið 1720 og lýst er síðar í þessum bæklingi. Björn Ólafsson konsertmeistari áleit þessi einleiksverk vera biblíu fiðluleikarans og hélt þeim mjög að okkur nemendum sínum.

Ég sé fyrir mér að þessi tónlist eftir Bach sé stofninn í vestrænni tónlist og önnur vestræn tónlist séu greinar sem kvíslast frá þessum stofni.

Á sérhverjum tónleikanna flyt ég eitt af þessum sex verkum og tefli á móti þeim einleiksverkum sem hafa verið samin fyrir mig. Það elsta samdi Jónas Tómasson - tengdasonur Siggú og Ragnars á Ísafirði og af þingeyiskum ættum - og það yngsta er fyrrgreint verk Rúnu Ingimundar.

Fimm kafla sönötu Merrils Clark skipti ég upp á milli tónleika. Hann samdi hana eftir að hafa hlýtt á tónleika mína í New York þar sem ég flutti einleiksverk Bachs og Vetrartré Jónasar. Einnig verða leikin tónverk eftir fiðlusnillingana Niccolò Paganini, Fritz Kreisler og Eugène Ysaÿe.

Ég nýt nú 6 mánaða starfslauna listamanna og gerir það mér kleift að halda þessa tónleika.

Í minningu allra þessara sem á undan eru gengnir höldum við kyndlunum hátt á lofti og góðu minningunum á lífi.

Kærar þakkir til allra þeirra sem hafa aðstoðað mig.

á haustmánuðum 2012
Hlíf Sigurjónsdóttir

Ávarp

Á öld tækninnar og hraðans og samhliða miklu framboði í fjölmiðlum af misgóðu afþreyingarefni, er það hollt hverjum manni að hugsa tilbaka um gömlu árin og hvað það var þá sem lyfti huganum á hærra menningarplan, burt frá daglegu amstri og striti hversdagsins. Hvílíkt lán það var fyrir Þingeyinga að eiga menn í flestum sveitum sem léku á hljóðfæri og þá sérstaklega á fiðluna. Þessir menn voru undantekningarlítið sjálfmenntaðir tónlistarmenn og dáðu alla sígilda tónlist. Undirritaður var svo lánsamur í æsku, að á bænum heima hjá honum dvaldi um langa hríð einn slíkur og markaði hann djúp spor í hugsunarhátt þeirra sem voru honum samtíða. Hann hét Hermann Benediktsson og lék á fiðlu. Hann lék á fiðluna sína fyrir heimilsfólkið, tvisvar til þrisvar sinnum í viku. Einnig átti Hermann gamlan grammafón og mjög vandað plötusafn. Spilaði hann af þessum plötum fyrir heimilsfólk einu sinni í viku yfir vetrartímann. Þar kynnti hann fyrir heimilsfólkinu nýjustu plöturnar sem hann hafði keypt. Hann dáði mjög fiðlu- og óperutónlist og í raun alla sígilda tónlist.

Þetta menningartímabil hefur orðið hinum frábæra listamanni Hlíf Sigurjónsdóttur fiðluleikara mjög hugleikið. Hefur hún sett upp nokkra tónleika til að minna okkur á þessa merkilegu tíma sem hinir sjálfmenntuðu tónlistarmenn færðu okkur fyrr á árum og færa okkur um leið minningu sem ekki má gleymast. Hlíf Sigurjónsdóttir er fædd í Danmörku og kannski var margt líkt með danskri og þingeyskri menningu þess tíma. Hlíf flutti barnung til Íslands ásamt foreldrum sínum og einhver hulinn kraftur kemur henni strax í snertingu við þingeyska menningu, í námi, starfi og einkalífi. Ellefu ára gömul lék hún einleik með Sinfóníuhjómsveit Íslands. Hún er frábær listamaður og þekkt bæði austan hafs og vestan fyrir fiðluleik sinn.

Með virðingu og þökk fyrir framtak þitt í þágu þingeyskrar menningar.

Ásmundur Kristjánsson á Stöng

Johann Sebastian Bach fæddist inn í þekkta tónlistarfjölskyldu í Eisenach í Þýskalandi árið 1685. Foreldrar hans létust báðir er hann var barn að aldri og flutti hann þá til elsta bróður síns sem var organisti í nágrannabænum Ohrdruf og stundaði þar tónlistarnám. Í upphafi ferils síns starfaði hann sem organisti og um tíma einnig sem hirðhljóðfæraleikari, en var ráðinn til hirðar Wilhelm Ernst greifa af Weimar árið 1708. Sex árum síðar varð hann konsertmeistari við sömu hirð. Árið 1717 yfirgaf hann Weimar og réðst til starfa að hirð Leopolds prins af Anhalt-Cöthen til ársins 1723. Þaðan fór hann til Leipzig og gegndi stöðu kantors við Tómasarkirkjuna til dauðadags árið 1750. Meðan Bach starfaði sem organisti í Weimar samdi hann mörg orgelverk og var þekktur og viðurkenndur sem orgelleikari. Í Cöthen hafði hann engum kirkjulegum skyldum að gegna, en bar hins vegar ábyrgð á öllum tónlistarflutningi við hirðina og samdi þá fjölda verka fyrir hin ýmsu hljóðfæri. Í Leipzig skóp hann bæði kirkjulega og veraldlega tónlist.

Einleiksverkin sex fyrir fiðlu sem hér um ræðir, samdi hann í Cöthen árið 1720, þá 35 ára gamall. Hann byggir þau á ríkjandi hefð þýsks fiðluskóla. Þær tilgátur eru uppi að hann hafi samið þau sem æfingar líkt og Paganini gerði síðar með Kaprisur sínar. Ljóst er að Bach hefur þekkt fiðluna mjög vel og með sínu frjóa ímyndunarafli séð fyrir enn óuppgötvaða möguleika hljóðfærisins.

Niccolò Paganini fæddist í Genúa á Ítalíu 1782. Faðir hans kenndi honum fyrst en kom honum síðan til færustu kennara í Genúa. Prettán ára fór hann til Parma í framhaldsnám en kennarar þar sögðust ekki geta kennt honum frekar. Þá tók við tveggja ára sjálfsnám og sagt er að hann hafi æft sig allt að 15 tíma á dag. Fimmtán ára hóf hann tónleikaferðir sínar og varð æfi hans óslitin frægðarför. Á árunum 1805–8 var hann fastráðinn einleikari við hirðina í Lucca en eftir það var hann á eigin vegum og lék eigin tónverk víðs vegar um Evrópu. Á tveggja og hálfis árs tímabili (1828–31) heimsótti hann um 40 borgir í Þýskalandi, Bæheimi og Póllandi. Hann var mikill fjárhættuspilari og stóð stundum tæpt um fjárhag hans. Síðustu árin bjó hann í Frakklandi og lést í Nice 1840.

Á sviði naut hann þess að leika alls kyns brellur, stilla einn strenginn hálfón hærra en venja var, leika meginhluta verksins á einn streng eftir að hinir þrír slitnuðu. Enginn vafi er á að hann var snjallasti fiðluleikari síns tíma. Sagt var að áheyrendur hágrétu á tón-

leikum hans, en einnig gat hann spilað svo villt að fólk ærðist og sumir héldu því fram að hann væri á mála hjá kölska sjálfum. Hann samdi sjálfur flest af því sem hann lék, þekktastar eru trúlega Kaprísurnar 24, tvær sönötur og sex konsertar.

Eugène Ysaÿe fæddist í Belgíu 1858. Hann hóf ungur að leika á fiðlu og komst til náms hjá Wieniawski og síðar fiðluleikaranum og tónskáldinu Henri Vieuxtemps. Hann varð fljótt vinsæll fiðluleikari og kynntist þekktustu tónlistarmönnum þess tíma, til dæmis samdi Cesar Franck hina þekktu A dúr sönötu og færði Ysaÿe sem brúðkaupsgjöf og lék hann hana ætíð á tónleikaferðum sínum. Á síðari árum sneri hann sér að kennslu, tónsmíðum og hljómsveitarstjórn. Hann var stjórnandi Cincinnati hljómsveitarinnar í Ohio 1918–1922. Meðal nemenda hans voru Yehudi Menuhin, Josef Gingold, William Primrose og Nathan Milstein. Hann lést í Brussel 1931.

Ysaÿe var einn virtasti og dáðasti fiðluleikari sem uppi hefur verið. Hann hafði frábæran tón og tækni og dýpt í túlkun sem fáir fiðluleikarar hafa náð hvorki fyrr né síðar. Afburða tækni hans og hugmyndaflug kemur fram í tónverkum hans og eru síðari tíma hljóðfæraleikurum sífelld ögrun. Þekktustu tónverk hans eru hinar sex einleikssönötur fyrir fiðlu.

Fritz Kreisler fæddist í Vínarborg 1875 og stundaði nám þar og í París. Prettán ára fór hann í vel heppnaða tónleikaferð til Bandaríkjanna, en lagði tónlistina á hilluna um skeið, fór í læknisfræði og gekk í herinn. Árið 1899 hélt hann tónleika með Berlínarfílharmoníunni og þeir tónleikar og nokkrar ferðir til Ameríku á árunum 1901–1903 færðu honum frægð sem fiðluleikari í hinum vestræna heimi. Á milli-stríðsárunum var hann í Bandaríkunum, Berlín og Frakklandi, en í upphafi stríðsins flutti hann til Bandaríkjanna og bjó þar upp frá því. Síðustu opinberu tónleika sína hélt hann 1947, en hann lést í New York borg 1962.

Fritz Kreisler var einn af ástsælustu fiðluleikurum síns tíma og hreif hann fólk með sér með persónutöfrum sínum og fiðlutónum. Hann var tónskáld gott, samdi óperettur, strengjakvartetta og sérstaklega var honum lagið að útsetja verk annarra fyrir fiðlu og píanó.

Að loknu námi í Reykjavík, meðal annars hjá þeim Jóni Þórarinssyni og Þorkatli Sigurbjörnssyni, hélt **Jónas Tómasson** til framhaldsnáms í Amsterdam 1969–72 hjá þeim Ton de Leeuw, Léon Orthel og Jos Kunst. Nú kennir Jónas við Tónlistarskóla Ísafjarðar og hefur hann jafnframt stjórnað ýmsum hljóðfærasveitum og kórum bæjarins. Þessar kringumstæður hafa örvað Jónas til að semja fyrir þá tónlistarmenn og hljóðfæraflokka sem hann starfar með. Eftir hann liggur fjöldi verka og þar eru hljómsveitar-, kammer- og kórverk mest áberandi. Oftast er tónlist hans hægferðug, innhverf og mjög frjáls í formi.

Jónas Tómasson samdi **Vetrartré** fyrir mig vorið 1983, en þá hafði ég kennt tvo vetur á Ísafirði. Síðari veturinn hafði verið með afbrigðum snjóþungur og þegar ég kvaddi Ísafjörð í júní með Vetrartrén í farteskinu voru enn fannir í garðinum hjá Jónasi og Siggu og var Jónas að hlúa að trjám og saga greinar sem brotnað höfðu undan fargi vetrarins.

Alfred Felder fæddist í Lucerne í Sviss árið 1950, stundaði nám í sellóleik og tónsmíðum við tónlistarskólann þar og lauk kennaraprófi í sellóleik. Þaðan hélt hann til náms í Austurríki og lauk einleikaraprófi frá Mozarteum háskólanum í Salzburg. Sem tónskáld hefur Alfred Felder reynt að nálgast gamlar hefðir sem felast í nánú samstarfi tónskálds og hljóðfæraleikara.

Ég kynntist Alfred Felder gegnum sameiginlega vini og kollega í Kammerhljómsveitinni í Zürich í Sviss árið 1987. Hann samdi *Tilbrigði við Victimae Paschali laudes* fyrir mig og sendi mér þá um haustið, er ég var komin heim til Íslands. Ég frumflutti verkið í Norræna húsinu vorið eftir. Alfred skrifar sjálfur um verkið:

„Hljóm- og blæbrigðatilbrigði samin við gregoríska páskasálminn *Victimae paschali laudes*. Fyrir mér tákna páskarnir: þjáningu, dauða, sorg, upprisu og gleði. Einmitt þessa stemningu - skapbrigði frá sorg til gleði - langaði mig til að fanga í þessu verki. Eftir stuttan inngang er stefið, þ.e. sálmurinn sjálfur, kynnt. Því næst heyrast fjögur tilbrigði og í hverju þeirra eru allar nóturnar sem koma fyrir í sálminum, en hliðraðar til í áttundum og taktinum hefur verið breytt. Í niðurlagi verksins er bein tilvitnun í texta sálmsins: *tu nobis, victor Rex, miserere*, þú hinn mikli konungur, miskunna þú oss.

Merril Clark fæddist árið 1951 í Salt Lake City í Utah í Bandaríkjunum. Hann nam jazzfræði við háskólann í Utah og lauk því námi með hæsta vitnisburði. Einnig hefur hann lagt stund á kvikmyndanam og hljóðfæraleik. Síðan 1979 hefur hann búið í New York borg, leikið á hljóðfæri, kennt og útsett en fyrst og fremst samið tónverk. Hann hefur hlotið virt verðlaun fyrir verk sín sem hafa verið flutt um gervöll Bandaríkin. Þá hefur hann gegnt stjórnunarstöðum í tengslum við jazz-músík og ritað bók um Blues tónlist (Mastering Blues Keyboard). Tónlist Merrils er afar fjölbreytt, einleiksverk, hljóm-sveitarverk og söngleikir, fyrir venjuleg sem og rafmagnshljóðfæri.

Eftir að hafa hlýtt á einleiksverk Bachs í flutningi mínum í New York borg í janúar 2010 hóf Merrill að semja fyrir mig tónverk sem hann nefndi **The Sorceress - Sigurjónsdóttir Sonata**. Þetta er mjög skemmtilegt og krefjandi verk í 5 köflum í nýklassískum stíl: Prelude • Song • Fugue • Waltz Scherzo • Ciaconna. Forleikinn frumflutti ég á tónleikum 2010, en aðra kafla frumflyt ég hér.

Að loknu námi við Tónlistarskólann í Reykjavík hélt **Karólína Eiríksdóttir** til Bandaríkjanna og nam við Háskólann í Michigan. Hún lauk meistaraprófi í tónlistarsögu og -rannsóknum árið 1976 og meistara-prófi í tónsmíðum tveimur árum síðar. Hún starfar sem tónskáld og kennir við Tónlistarskólann í Reykjavík. Tónverk Karólínu hafa verið flutt hér heima og víðsvegar erlendis m.a. á Norrænum tónlistar-hátíðum, í París, London, Glasgow, Tokyo, Vínborg, Bandaríkjunum, Þýskalandi og á Spáni. Karólína skrifaði verkið *Hugleiðing* fyrir einleiksfíðlu fyrir mig árið 1996 og frumflutti ég það í júní 1997. Hún segir:

„Verkið er í einum kafla og er byggt á hugmyndum sem þróast áfram og birtast í ýmsum myndum, eins konar tilbrigði án stefs.“

Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson stundaði framhaldsnám í tónsmíðum við Tónlistarháskólann í Utrecht í Hollandi undir leiðsögn hollenska tónskáldsins Joep Straesser. Hann starfar nú sem tónskáld í Reykjavík og kennir tónsmíðar og tónfræðagreinar við Tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Hann hefur samið kammer- hljóm-sveitar- og kór- verk, ásamt tónlist fyrir kvikmyndir, sjónvarp og leikhús. Hróðmar samdi *Kuríe* að ósk minni sérstaklega fyrir þessa tónleikaröð. Hann segir:

„Verkið samdi ég fyrir Hlíf Sigurjónsdóttur síðastliðið sumar og byggi á hugmyndum úr Kyrie kafla Skálholtsmessu minni frá árinu 2000. Það er hugsað sem hluti af röð einleiksverka þar sem unnið er markvisst með andstæður í stíl og efnistöfum. Í *Kuríe* er efni upphaflega kaflans skrifað upp á nýtt fyrir einleiksfiðlu, gegn því er upphafshljómi kaflans teflt og hann skoðaður frá ýmsum hliðum. Formið er skírt og klárt rondóform með inngangi: *Ten-eramente poco rubato • Marcato, molto ritmico • Kuríe • Marcato, molto ritmico • Kriste • Marcato, molto ritmico*“

Guðrún Ingimundardóttir (**Rúna Ingimundar**) er fædd á Húsavík og ólst upp við söng og hljóðfæraleik, leiklist og dans. Hún nam söng, píanóleik og síðar flautuleik við Tónlistarskólana á Húsavík og Akureyri. Eftir stúdentspróf hóf hún nám á tónfræðibraut Tónlistarskólans í Reykjavík og útskrifaðist þaðan vorið 1987. Hún lauk meistara-gráðu í tónsmíðum og tónfræði frá Háskólanum í Arizona vorið 1990 og doktorsgráðu í tónsmíðum og tónlistarmannfræði frá sama háskóla vorið 2009. Hún starfar nú sem tónlistarkennari og kórstjóri við Tónskóla Fjallabyggðar og hefur jafnframt verið leiðbeinandi nemenda í meistaranámi við Listaháskólann og Háskólann á Bifröst.

Rúna er mikil áhugakona um íslenska þjóðlagatónlist og kvæðamennsku, stóð fyrir stofnun Kvæðamannafélags í Fjallabyggð og stýrði fyrsta Landsmóti Kvæðamanna sem haldið var á Siglufirði í mars 2012. Hún leitar í íslenskan þjóðlagaarf eftir innblæstri í tónsmíðar sínar og er *Að heiman* samið sérstaklega fyrir þessa tónleikaröð og byggir á fimm þjóð- og kvæðalögum sem Benedikt á Auðnum skráði og sendi Séra Bjarna Þorsteinssyni og birtust í Þjóðlagasafni hans. Lögin eru *Fram á regin fjallaslóð, Maðurinn sem úti er, Skelfur undir elfa og grund, Sumarið þegar setur blítt og Senn er komið sólarlag*. Lögin eru kynnt til sögunnar í sinni einföldu mynd og síðan er spunnið út frá hverju lagi - þjóðlagið, fullkomið í sínum einfaldleika, er stofn trésins og spuninn eru greinarnar. Allt tónmálið er byggt á stofninum rétt eins og hljóðheimur tónskáldsins sem hvílir á hljómi uppvaxtaráranna á Húsavík.

sunnudaginn 7. október 2012 í Skútustaðakirkju

Johann Sebastian Bach **Sónata I** BWV 1001 í g moll

1685 – 1750

adagio

fuga, allegro

siciliana

presto

Merrill Clark

f. 1951

The Sorceress - Sigurjónsdóttir Sónata 2010

fúga - í Ges dúr

frumflutningur

Jónas Tómasson

f. 1946

Vetrartré 1983

góð tré

sorgmædd tré

óð tré

þögul . . .

Niccolò Paganini

1782 – 1840

Kaprísa nr. 13

sunnudaginn 4. nóvember 2012 í Þorgeirskirkju

Johann Sebastian Bach **Partita I** BWV 1002 í h moll

1685 – 1750

allemanda

double

corrente

double presto

sarabande

double

tempo di borea

double

Merrill Clark

f. 1951

The Sorceress - Sigurjónsdóttir Sónata 2010

prelude

Karólína Eiríksdóttir

f. 1951

Hugleiðing fyrir einleiksfiðlu

1996

Fritz Kreisler

1875 – 1962

Recitativo og Scherzo - ópus 6

sunnudaginn 3. febrúar 2013 í Húsavíkurkirkju

Johann Sebastian Bach **Sonata II** BWV 1003 í a moll

1685 – 1750

grave

fuga

andante

allegro

Merrill Clark

f. 1951

The Sorceress - Sigurjónsdóttir Sónata 2010

song

frumflutningur

Rúna Ingimundar

f. 1963

Að heiman 2012

þingeysk þjóðlög í léttum leik

frumflutningur

Eugène Ysaÿe

1858 – 1931

Sónata nr. 3 op. 27

„Ballade“

sunnudaginn 3. mars 2013 í Reykjahlíðarkirkju

Johann Sebastian Bach **Partita II** BWV 1004 í d moll

1685 – 1750

allemanda

corrente

sarabanda

gíga

ciaccona

Merrill Clark

f. 1951

The Sorceress - Sigurjónsdóttir Sónata 2010

ciaccona

frumflutningur

Niccolò Paganini

1782 – 1840

Kaprísá nr. 24

sunnudaginn 7. apríl 2013 í Einarssstaðakirkju

Johann Sebastian Bach **Sonata III** BWV 1005 í C dúr

1685 – 1750

adagio

fuga

largo

allegro assai

Alfred Felder

Tilbrigði við *Victimae paschali laudes*

1987

f. 1950

Merrill Clark

The Sorceress - Sigurjónsdóttir Sónata

2010

f. 1951

Vals

frumflutningur

sunnudaginn 5. maí 2013 í Skútustaðakirkju

Johann Sebastian Bach **Partita III** BWV 1006 í E dúr

1685 – 1750

preludio

loure

gavotte en rondeau

minuet I

minuet II - minuet I da capo

bourée

gigue

Eugène Ysaÿe

Obsession úr Sónötu nr. 2

1858 – 1931

Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson

Kuríe

2012

f. 1958

studía fyrir einleiksfiðlu

frumflutningur

Niccolò Paganini

Kaprísa nr. 24

1782 – 1840

Hlíf Sigurjónsdóttir er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún kom fyrst opinberlega fram 11 ára gömul er hún lék einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff og nam einnig hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach. Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada. Hún hefur frumflutt mörg tónverk sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Hlíf hefur leikið inn á upptökur fyrir útvarp og sjónvarp og nokkra geisladiska við frábæran orðstír. Tónlistargagnrýnandi Morgunblaðsins gaf geisladisknum 44 Dúó með verkum eftir Béla Bartók fimm stjörnur með orðunum „Þjóðleg innlifun á heimsmælikvarða“. Í ágúst 2008 kom út tvöfaldur geisladiskur með leik hennar á öllum þremur sönötum og þremur partítum eftir Johann Sebastian Bach. Hún hlaut sex mánaða starfslaun listamanna árið 2012.